

Fróðleg Saga.

Hinn ágan eðlisfræðingur Den. ys Papin var um 1650 sextugur Þóðar honum loksinns tokst að koma fram þessu málum hugamáli sínu, að fá skip til að segja í vel þá, er hann hafði fundið hvernig gera skyldi, en það var gutfið. Fyrsta gufuskípið var ófengið og svo stórt, að Papin hafi að sigla á því til Englands. Var siglingin hafin frá borginni Kassel við ána Fulda, árið 1707, en varð ekki löng áður ráðist var á skipið og það skenit, en vélun eyðilögð. Ber mönnum ekki saman um hverir hafi unnið það illa verk; segja sumir að menn Papins sjálfs hafi gert, af grémju yfir því að þeir höfðu ekki fengið kaup sitt, en aðrir nefna til ferjumenn á fljótinu, sem þótti sér voði búinn af þessu nýstárlega skipi. En hverir, sem unnu verkið, þá er það víst, að skipið komst aldrei á hafið út. Til Englands komst Papin þó, og hugðist að fá hjálp hjá vísindafélaginu enska til að bæta úr óhappi þessu. Þetta fræga félag (Royal Society) var þá fertugt, stofnað 1667, og formaðurinn var frægasti vísindamaður samtíðarinnar, Sir Isaac Newton. Papin var honum vel kunnur, því að hann hafði unnið nokkur ár í þjónustu vísindafélagsins, við lítil laun en góðan orðstír. Newton brást þó illa við hjálparbeiðni Papins og réði því að henni var neitað, sagði að bæði væru tilraunir þessar dýrar og

hefðu atuk þess enga þýðingul. En Papin rétti ekki við eftir þetta, og dó nokkurum ártum síðar.

Mér virðist saga þessi tiltakanlega fróðleg Eins og allir vita, þá var tilraun sú, sem þarna var drepið í fæðingunni einmitt alveg sérstaklega þýðingarmikil, en maðurinn, sem missýndist þarna svona herfilega, að hann taldi þessu máli ekkert lið leggjandi, hefir flestum fremur verið annálaður fyrir vit sitt. Er þá síður að furða þó að nýungar, sem ~~er~~ erfiðara var að sjá að mjöduðu til hagsbóta, hafi oft átt erfitt uppdráttar. Margir virðast telja það nálega sjálfsgagt að svona hagi til; en þó mun óhætt að segja, að þessi sljóleiki gagnvart nýungum, sem miða til þekkingarauka, hafi verið ein alvarlegasta fyrírstaðan á framfara braut mannkynsins, —

Viða má sjá sagt frá því hvernig fór um fyrsta gufuskípið, sem sett var á flot, án þess að minst sé á, að það var Newton, sem taldi þetta lítinn skaða og vildi ekki rétta brautryðjandanum hjálparhönd. En Camille Flammarion segir frá því í hinni fróðlegu og snildarlega rituðu æfisögu sinni: Mémoires d'un astronome.

22. 10.

Helgi Pjeturss.

V. 24. 10. 35